

remy hefir niður í gegnum aldirnar staðið mönnum sem lifand vera fyrir hugskotssjónum bæði á Frakklandi og annarstaðar.

Hvað Bismarck viðvíkur, þá getur maður dáðst að honum sem framúrskarandi stjórnmalagarp, jafnframt því sem sú spurning hlyttur að vakna hjá manni, hvort atferli hans hafi skilyrðislaust verið til hamingju fyrir Norðurálfuna.

Var þá Bismarck til blessunar fyrir Þýzkaland, ef hann alls ekki var mannkyninu yfir höfuð til neins góðs?

Það væri mjög grunnhyggnislegt að svara þessari spurningu óhikað játandi eða neitandi.

Niðurlag næst.

Út af þeim mörgu umkvörtunum, sem útgefendum Heimis hafa borist um dráttinn, er orðið hefir á útkomu ritsins,— skal það tekið fram, að dráttur sá hefir ekki stafað af ástæðulausu skeyingarleysi útgefendanna eða prentarans, eins og sumir eftirlitum vill hyggja. Fyrst má geta þess, að ritsjóri Heimis hefir verið svo að segja stöðugt fjarverandi úr bænum síðan í maímánuði í vor, og honum því ekki orðið eins gott til ritsfanga eins og ella. Í öðru lagi vita þeir bezt, sem reyna, hverjum erviðleikum það er bundið, einkum fyrstu árin, að halda úti blaði á íslenzku, sem engan peningastyrk hefir og eingöngu verður að treysta á að meira eða minna leyti óskilvísá kaupendur. Þótt margir af kaupendum Heimis hafi borgað áskriftargjöld sín að fullu og sumir meira en það, þá eru hinir samt allt of margir, sem engin skil hafa sýnt, til þess að gjaldþol blaðsins geti borið þá til lengdar. —Pess skal og getið, að nú síðast hefir drátturinn meðfram stafað af lasleika prentarans og flutningi prentsmiðjunnar, auk þess sem beðið var eftir vissu handriti, sem birtast átti í þetta sinn. Þetta númer er 32 síður í stað 24; næsta verður væntanl. 40 bls. svo þá verða þrjú blöð af venjulegri stærð fengin í tveimur.

Gisli Jónsson.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sínum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, **555 Sargent Ave.**

Utanáskrift til ritsjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Ritsjóri stra Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gisli Jónsson, **530 Young st. Winnipeg Man.**